

Nd.

370. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Í staðinn fyrir fyrri málsgrein 5. gr. laga nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, komi:

Brot gegn samþyktunum varða sektum, alt að 500 króum. Heimilt er að ákveða í samþykt, að hagnaður sá, er sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skuli upptækur ger og renna auk sekta í bæjarsjóð.

Ef kenna má yfirsjón, er barn innan 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem börnum ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.